

## Foreldrafélagsfundur 15. september 2009 kl: 18:00

Mættir: Linda, Ester, Rut.

- Farið var aðeins yfir það hvað stjórnarmeðlimir ætla að taka að sér í vetur, sjá blað um verkefnalista FFM.
- Rut ætlar að vera tengiliður stjórnar við Ölmum varðandi útivakt 10. bekkjar.
- Linda greindi frá því að þann 8. september átti hún samtalið við Ölmum þar sem útivaktin var rædd. Alma ætlar að skipuleggja þetta ásamt Brynju skólastjóra. Það kom upp hugmynd að láta nemendurnar ekki vita af peningnum fyrirfram heldur umbuna þeim á miðju skólaári og svo í vor. Þar sem Rut er búin að taka að sér að vera tengiliður mun ég láta Ölmum vita af því.
- Linda ætlar að senda Ester blað þar sem bekkjarfulltrúar geta skrifað sig á. Ester mun ljósrita það þannig að allir umsjónarkennarar hafi það þannig í foreldraviðtali 1. október. Þá geta foreldrar skrifað sig sem bekkjarfulltrúa.
- Júlíus ætlar að hefja vinnu í að senda félagsgjöld á öll heimili barna við skólann.
- Linda ætlar að setja nokkrar línur á heimasíðu skólans um að foreldrar megi eiga vona á félagsgjöldunum og hvetja foreldra að skrá sig sem bekkjarfulltrúa.
- Hugmynd að hitta bekkjarfulltrúa 6. október n.k. en nánar rætt á næsta fundi.
- Hugmynd að hafa jólaföndur 3. desember n.k. en nánar rætt á næsta fundi.

Fundi slitið kl: 19:00

Næsti fundur 29. september kl: 18:00

Linda Birgisdóttir